

Sp.

67. Tillaga til þingsályktunar

[66. mál]

um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun.

Flm.: Steinþór Gestsson, Egill Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd 7 manna til þess að gera tillögur um samræmt númerakerfi yfir bújarðir í landinu með það að markmiði að gera tölvuvinnslu margs konar þátta landbúnaðarins og upplýsingamiðlun á því sviði fljótvirkari og öruggari.

Eftirgreindir aðilar skulu skipa fulltrúa í nefndina: Hagstofa Íslands, Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda, Fasteignamat ríkisins, Landnám ríkisins og Framleiðsluráð landbúnaðarins. Landbúnaðarráðherra skipar einn mann í nefndina og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal skila tillögum til landbúnaðarráðherra fyrir 1. janúar 1984.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á 104. löggjafarþingi, en varð þá ekki útrædd. Allsherjarnefnd Sp. sendi hana þá ýmsum aðilum til umsagnar. Rétt þykir að benda á svar Fasteignamats ríkisins sem barst eftir að síðasta þing lauk störfum, og er það prentað með tillögunni sem fylgiskjal.

Þegar tillagan var flutt á síðasta þingi fylgdi henni svofelld greinargerð:

Það er hverjum manni ljóst, að tölvuvinnsla gagna hefur nú þegar verið tekin í þjónustu stjórnkerfisins, og í sjónmáli er að fleiri og fleiri þættir í samskiptum manna verða að laga sig að lögmálum tölvunnar ef fullt jafnræði á að haldast með starfsgreinum þjóðfélagsins.

Landbúnaðurinn hefur þegar komist í snertingu við þetta kerfi í ýmsum greinum atvinnuvegarins. Forðagæslan hefur verið sett í tölvuvinnslu. Jarðræktin, nautgriparræktin og sauðfjárræktin hafa einnig fengið úrvinnslu sinna gagna í tölvu. Mjólkuriðnaðurinn og afurðasalan yfirleitt hefur nýtt þá vinnslu í æ ríkari mæli.

En eitt er þó það sem veldur erfiðleikum og torveldar fyllstu not þeirrar kerfisbreytingar sem tölvuvinnslan getur valdið, og það er að ekkert samræmt tölvukerfi er til afnota innan landbúnaðarins né til þess að tengja hann miðlun eða móttöku upplýsinga á vegum hinnar almennu stjórnsýslu.

Hverri starfsgrein hættir til að setja sér eigið kerfi til að vinna eftir. Hagstofan hefur sett upp röðun sýslu- og sveitarfélaga sem náð hefur almennri útbreiðslu til mikilla þæginda og flýtisauka við úrvinnslu gagna. Hagstofan hefur einnig byggt upp talnaröð sveitabæja eða jarða sem hvergi er notuð óbreytt svo okkur sé kunnugt. Fasteignamat ríkisins notar þá röð lítið breytta svo og Stéttarsamband bænda, Forðagæsla B.Í. og jarðræktin. Hins vegar er búfjárræktin utan við þetta kerfi svo og Landnám ríkisins. Slíkt skipulagsleysi veldur töfum og tvíverknaði þar sem fleiri aðilar verða æðioft að veita upplýsingar um sama efni, en samræming gæti komið í veg fyrir slíka vinnutöf.

Hér hefur aðeins verið fjallað um það svið, sem að landbúnaðinum snýr, og þó drepið á nokkra þætti þess og ugglaustr fellt eitt og annað niður sem þyrfti að taka með. Rétt er að minna á það einnig, að merkingar búfjár þyrftu nauðsynlega að tengjast þeirri samræmingu og skipulagi einmitt nú þegar ætla má að haldgóðar merkingar séu á næsta leiti. Slíkt er algjör forsenda þess, að tölvunotkun verði hagnýtt til nokkurrar hlítar. Þá væri og rétt að gera um það áætlun að hagnýta þetta samræmda kerfi við þinglýsingar eigna og veðbókafærslur til flýtisauka og öryggis og samræmingar við fasteignaskrá og til þess jafnframt að auðvelda og hraða afgreiðslu veðbókavottorða til hins almenna notanda.

Nánar verður fjallað um málið í framsögn.

Fylgiskjal

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis.

23.07.1982.

Varðar tillögu til þingsályktunar um kerfisbundna röðun jarða til hagnýtingar við samræmda tölvuvinnslu og upplýsingamiðlun, 261. mál.

Í lögum nr. 94 frá 1976 eru ákvæði í 2. mgr. 5. gr. þess efnis, að „Fasteignamati ríkisins ber að annast gerð og samræmingu hvers konar greinitalnakerfa sem notuð eru um fasteignir við skráningu þeirra, þar með talin gerð staðgreinitölukerfis (matrikel) sem taki til landsins alls. Heimilt er að skylda fasteignaeigendur til að sjá um auðkenningu fasteigna samkvæmt greinitalnakerfi Fasteignamats ríkisins“, eins og segir orðrétt í lögnum. En boð og bönn ná ekki langt ef ekki tekst að laða aðila til samstarfs.

Við hjá FMR teljum því að hér sé á ferðinni merk tillaga sem gæti markað tímamót ef takast mætti að koma á fót samstarfsnefnd þeirra aðila er tillagan gerir ráð fyrir. Með aukinni tölvunotkun hefur áhugi sveitarfélaganna á gerð staðgreinikerfa vaxið a. m. k. fyrir þau stærri. Reykjavík er þó eina sveitarfélagið þar sem fullkomið staðgreinikerfi er í notkun, en vinnslu er langt komið í nokkrum af stærstu kaupstöðunum.

Það, sem helst hefur strandað á, er mannaflí hér hjá FMR sem óhjákvæmilega verður að veita nokkra aðstoð í þessu efni og minni sveitarfélögin hafa litla möguleika nema utan að komandi hjálp komi til.

Samþykkt þessarar þingsályktunartillögu gefur vissulega fyrirheit um að lagður yrði grunnur að réttri uppbyggingu fyrir tölvuvinnslu þess þáttar, sem tillagan fjallar um, og gæti orðið til eftirbreytni um aðra þætti á sviði fasteignamála og í málum þeim tengdum.

Tæknideild FMR hefur tekið saman atriði sem við teljum miklu varða ef af samþykkt þessarar þingsályktunartillögu verður, og fylgja athugasemdir hennar hér með.

Virðingarfyllst,
Guttormur Sigurbjörnsson.

Tölvuútskrift fylgir úr gögnum FMR um jarðeignir sem tengjast landbúnaði.